

Föstudaginn 1. desember 1950.

Nr. 113/1950. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Þorleifi Sigurbjörnssyni og Jóni Sveinssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns
Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Ákæra um ólöglega áfengissölu. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu ákærða Þorleifs Sigurbjörnssonar.

Samkvæmt skýrslu Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns hefur hann ekki samið vörn fyrir ákærða Þorleif í héraði, enda kveður hann skipunarbréf dómara, þar sem hann er skipaður talsmaður ákærða Þorleifs, ekki hafa komið í sínar hendur og hann ekki fengið vitneskju um skipunina, fyrr en eftir að dómur gekk í málinu. Hann lýsir því og, að Jón Þorsteinsson héraðsdómslögmaður, sem vörnina lagði fram á dómþingi 12. apríl 1950, hafi hvorki verið starfsmaður sinn né félagi um málflytning. Samkvæmt þessu verður Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður ekki talinn bera ábyrgð á varnarskjalinu, og ber að sýkna hann af sektarákvæði héraðsdómsins. Verða honum þá og ekki heldur dæmd málsvarnarlaun í héraði. Jón Þorsteinsson héraðsdómslögmaður var ekki skipaður talsmaður ákærða Þorleifs í héraði, og verða honum því ekki dæmd talsmannslaun.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á rikissjóð, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Í vörn þeirri, er Jón Þorsteinsson héraðsdómslögmaður lagði fram í héraði, er á nokkrum stöðum kveðið óþarflega sterkt að orði, en ekki þykir ástæða til eftir atvikum að ómerkja ummælin.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða Þorleifs Sigurbjörnssonar á að vera óraskað.

Felld er niður sekt Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 29. apríl 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn kærða, Þorleifi Sigurbjörnssyni bifreiðarstjóra, Glerárgötu 3, hér í bæ, með stefnu útgefinni 31. f. m. fyrir meint brot á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Féeggsstöðum í Hörgárdal 30. marz 1911. Hann hefur áður sætt refsingum, sem hér segir: 19. október 1943: Dæmdur í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. 18. júlí 1947: Sekt samkvæmt sátt, kr. 50.00, fyrir brot gegn bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir. Fimmtudaginn 30. júní s.l. um kl. 22.00 kom til lögreglunnar hér maður að nafni Ólafur Pálsson frá Húsavík og kærði yfir því, að peningum hefði verið stolið frá honum, þar sem hann bjó á Hótel Akureyri. Við nánari rannsókn á þessu atviki upplýstist þetta í höfuðdráttum.

Greindan dag hittust tveir piltar héðan úr bænum, þeir Hörður Aðalsteinn Sumarliðason, 18 ára að aldri, og Þórir Bjarni Hjaltalín, 19 ára að aldri, og fóru þeir þegar að neyta áfengis, sem sá síðarnefndi átti, í herbergi, sem Hörður Aðalsteinn hafði að Hótel Norðurlandi, þeir drukku næstum upp úr heilli flösku saman og fóru því næst inn í miðbæ. Þegar þangað kom, hittu þeir á götu Ólaf Pálsson, er að framan greinir, en Hörður Aðalsteinn þekkti hann dálítið og gaf sig á tal við hann. Þeir fóru síðan allir þrír í Hótel Norðurland, og gaf Ólafur hinum að drekka með sér af áfengisfleyg, sem hann hafði með sér, en því næst bauð Hörður Aðalsteinn þeim að borða í hótelinu. Að því loknu fóru þeir allir upp í Hótel Akureyri og inn í herbergi, sem Ólafur leigði þar. Pantaði Ólafur nú gosdrykki og tók upp áfengisflösku, sem hann átti, og settust þeir allir að drykkju. Mun klukkan þá hafa verið um 18.00. Gerðust þeir félagar nú meira og meira ólvaðir, og virðist Þórir Bjarni einkum hafa orðið mjög mikið drukkinn. Meðan þeir voru í herbergi Ólafs, varð hann þess var,

að Hörður Aðalsteinn var eitthvað að rjála við bakvasa hans, þar sem hann geymdi peningaveski sitt, og það hann piltinn að hætta því, en þar sem hann fann, að veskið var á sinum stað, aðgætti hann ekki frekar um það. Eftir þetta fóru piltarnir, að því er virðist, rétt strax, út úr herberginu án þess að kveðja Ólaf, og hélt hann fyrst, að þeir myndu koma aftur, en svo varð ekki. Þegar Ólafur athugaði peningaveski sitt, vantaði í það kr. 1100.00, og hefur Hörður Aðalsteinn játað að hafa tekið peninga þessa ófrjálsri hendi.

Eftir að þeir félagar Þórir Bjarni og Hörður Aðalsteinn yfirgáfu Ólaf, fóru þeir beina leið í Bifreiðastöð Oddeyrar og fengu Þorleif Sigurbjörns-son, kærða í máli þessu, til að aka sér. Mun klukkan þá hafa verið um 21.00. Þeir félagar óku síðan um bæinn með kærða, og telur kærði, að það hafi verið á annan klukkutíma, og náðu þeir þá í áfengisflösku með slatta í, sem þeir höfðu skilið eftir í Hótel Norðurlandi. Síðar um kvöldið stöðvuðu þeir bifreiðina við bifreiðastöð Oddeyrar, og komu þá tvær stúlkur upp í hana eftir boði þeirra félaga, og um sama leyti fengu þeir keypta eina áfengisflösku, og verður nánar að því vikið síðar. Ók kærði nú með allt þetta fólk austur í Vaglaskóg, og fór það þar í veitingahúsið og fékk sér veitingar. Meðan þau voru í veitingahúsinu, var hegðun Harðar Aðalsteins ekki góð, og var hann látinn út með valdi, enda voru hann og Þórir Bjarni orðnir mikið drukknir. Var nú aftur ekið til bæjarins, og skildust þá leiðir, og fór allt fólkíð úr bifreið kærða.

Mál það, sem hér liggur fyrir, er risið út af sölu áfengisflösku þeirrar, er að framan greinir og Hörður Aðalsteinn fékk keypta, áður en farið var austur í Vaglaskóg, og verður nú nánar að því vikið.

Kærði hefur skýrt frá því, hvað hann ók þeim Herði Aðalsteini og Þóri Bjarna ásamt stúlkunum, í höfuðatriðum á sama hátt og þeir félagar hafa gert og að framan er rakið. Hins vegar hefur hann stöðugt neitað því að hafa selt þeim félögum áfengi eða útvegað þeim það með neinu móti og staðhæft, að einu peningarnir, sem hann hafi fengið frá þeim, hafi verið kr. 140.00, sem hann fékk fyrir aksturinn að honum loknum. Hann hefur einnig skýrt svo frá. Meðan hann var að aka nefndum mönnum um bæinn þetta kvöld, afhenti Hörður Þóri Bjarna kr. 100.00, og hafi sá síðarnefndi síðan farið út úr bifreiðinni og ætlað að fara eitthvað til að reyna að ná í áfengi, en á meðan hafi hann ekið Herði einum um bæinn. Eftir um það bil 20 mínútur ók hann fram hjá bifreiðastöð Oddeyrar, og voru stúlkur þar á götunni, og það Hörður hann að stöðva þar og gerði kærði það. Fór kærði síðan inn í afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar og staldraði þar dálítið við, en er hann kom aftur, voru þeir Hörður og Þórir Bjarni að fara inn í bifreiðina ásamt tveimur stúlkum. Var óðara lagt af stað í Vaglaskógsferð þá, er áður greinir. Ekki kvaðst kærði hafa veitt því athygli, hvort þeir félagar væru með áfengisflösku í þetta sinn. Frekar hefur hann ekki um þetta borið, sem máli skiptir.

Báðir menn þeir, er að framan greinir, og önnur stúlkan, sem í bifreiðinni var, hafa gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu.

Vitnisburður Harðar Aðalsteins er í höfuðdráttum þannig. Daginn eftir

atburði þessa bar hann það hjá lögreglunni og staðfesti það síðar í rétti, að hann hefði keypt áfengi í umrætt skipti hjá félaganum, Héðni Gíslasyni að nafni, en ekki hjá kærða, en Þórir Bjarni hafði þá þegar borið, að þeir hefðu fengið það hjá kærða. Tveimur dögum síðar skýrði Hörður Aðalsteinn svo frá í rétti, að kærði hefði útvegað honum áfengið og að hann hefði tekið fram, að þeir, það er Hörður og Þórir Bjarni, mættu ekki láta neinn um þetta vita. Sagðist hann af þessari ástæðu hafa fyrst borið rangt um það, hver hefði látið hann fá áfengið. Enn fremur skýrði hann þá svo frá: Meðan þeir félagarnir voru að aka í bifreiðinni með kærða, báðu þeir hann margsinnis um áfengi, en hann færðist undan því. Að lokum stöðvaði kærði bifreiðina við Bifreiðastöð Oddeyrar, og afhenti hann kærða þá kr. 100.00, og fór kærði því næst út úr bifreiðinni og inn á afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar eða bensínafgreiðslu, sem er þar alveg við. Kom hann síðan aftur, svo að segja að vörmu spori, með eina flösku af brennivini. Ekki fékk hann neitt til baka af kr. 100.00, og var það því verð flöskunnar. Hann sagði, að Þórir Bjarni hafi séð, þegar kærði afhenti flöskuna í bifreiðinni. Jafnframt þessum vitnisburði tók Hörður aftur allan vitnisburð sinn varðandi kaup hjá Héðni Gíslasyni, en skýrði jafnframt frá því, að hann hefði beðið Héðin að gangast við sölu flöskunnar. Vitnið var samprófað við kærða og staðhæfði, að kærði væri maðurinn, sem útvegaði honum flöskuna.

Þórir Bjarni Hjaltalín hefur borið þannig í höfuðdráttum, að því er mál kærða varðar. Daginn eftir atburðina, er að framan greinir, skýrði hann lögreglunni svo frá, að þeir félagarnir hafi beðið kærða um áfengi, en hann hafi sagt, að hann ætti ekkert, en sagðist þó telja, að Hörður hefði sent með kærða kr. 100.00 inn á bifreiðastöðina, og hafi þeir síðan fengið brennivinsflösku. Þegar hann mætti í rétti nokkru síðar, tók hann þenna vitnisburð aftur og bar það þá, að þeir hefðu fengið áfengisflöskuna hjá Héðni Gíslasyni, en bar þá jafnframt, að þeir hefðu verið búnir að biðja kærða um áfengi, en hann hafi ekki látið þá fá neitt. Loks bar Þórir Bjarni það í rétti tveimur dögum síðar, að hinn upphaflegi framburður hans hafi verið réttur um þetta og tók aftur framburð sinn varðandi Héðin Gíslason. Endurtók hann það þá, að hann álitir, að Hörður hefði afhent kærða 100 króna seðil og að kærði hefði því næst farið inn í afgreiðslu Bifreiðastöðvar Oddeyrar, en síðan kvaðst hann hafa snúið sér að því að tala við stúlkur þær, er síðar komu upp í bifreiðina, og sagðist því ekki hafa veitt því nákvæma athygli, þegar kærði kom með flöskuna, en sagðist vera sannfærður um, að það hefði verið kærði, sem komið hefði með hana. Hann kvaðst aldrei áður hafa fengið áfengi hjá kærða. Síðar í réttarhaldi, þegar Þórir Bjarni var borinn saman við kærða, hélt hann fast við síðasta framburð sinn og sagði þá, að hann myndi ekki, hvort hann og stúlkurnar, sem fóru síðar með þeim austur, hafi verið komin inn í bifreiðina, þegar kærði afhenti flöskuna.

Enn fremur hefur borið vitni í máli þessu önnur stúlkun, sem fór í bifreið kærða austur í Vaglaskóg, Geirfríður Sigurgeirsdóttir að nafni, 22 ára að aldri. Hún sagði, að sig minnti, að bifreiðarstjórinn hefði verið í

bifreiðinni, þegar hún kom í hana, og að bifreiðin hafi þá staðið nálægt Bifreiðastöð Oddeyrar. Hún kvaðst ekki hafa vitað til, að kærði hafi verið með áfengi í þetta sinn eða að hann hafi látið piltana, sem í bifreiðinni voru, hafa áfengi. Loks hefur mætt í málinu Héðinn Gíslason, er að framan greinir, og neitaði hann með öllu að hafa selt Herði Aðalsteini og Þóri Bjarna áfengi, en bar hins vegar, að þeir hefðu beðið sig að taka á sig ábyrgðina á sölu flöskunnar.

Eins og að framan er rakið, hefur kærði stöðugt neitað að hafa selt eða afhent Herði Aðalsteini eða Þóri Bjarna áfengi, og eru því ekki önnur sönnunargögn í málinu en vitnisburðir síðastgreindra manna, en við vitnisburði þeirra er ýmislegt að athuga. Hörður Aðalsteinn hefur borið ákveðið, að kærði hafi útvegað honum áfengisflösku gegn 100 króna greiðslu. Hins vegar er vitnisburður Þóris Bjarna óskýr um þetta, og hefur hann sagt, að hann hafi ekki séð kærða afhenda flöskuna, þótt hann telji sig sannfærðan um það, að svo hafi verið. Þá er það upplýst í málinu, að báðir þessir menn voru mikið drukknir um þetta leyti, að þeir höfðu framið afbrot, sem varðar við lög, sá fyrrnefndi hafði framið þjófnað og brotið í bága við áfengislög, og sá síðarnefndi hafði einnig brotið áfengislögin. Að lokum báru þeir báðir á tvo vegu í málinu um aðalatriði málsins. Varð þetta háttalag þessara pilta þess valdandi, að eigi hefur þótt fært, að þeir staðfestu vitnisburði sína með eiði eða drengskaparheiti. Lítur rétturinn svo á, að þetta, sem nú hefur verið greint, rýri svo gildi vitnisburðanna, að á þeim einum verði sök kærða ekki byggð. Þar sem ekki er frekari sönnunargögnum til að dreifa, verður niðurstaðan því sú, að sýkna ber kærða af öllum ákærum í máli þessu, og verður ríkissjóði gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns kærða, Jóns Sveinssonar hdl.

Talsmaður kærða, Jón Sveinsson, hefur verið óhæfilega stórorður í hinni skriflegu vörn sinni fyrir kærða, og þykir rétt, að hann sæti refsingu fyrir þessi ummæli og að þau séu dæmd dauð og ómerk:

„Það kann bjarga vini sínum Héðni Gíslasyni.“ „Margt bendir um áfengis kaupin.“ „Sú skýring gagnstæða skiljanlegt.“ „.... hugsa út neina lýgi vonlitið.“ „.... hefur Héðinn í áfengisútvegum.“ „Getur nú ekki segi annað satt.“ „ósönnu“. Einnig þykir rétt að ómerkja orðið „óknyttapilta“ og orðin „hlunnfara rannsóknardómara og ákæruvald.“ Þykir hæfilegt, að talsmaður kærða greiði kr. 100.00 í sekt til ríkissjóðs.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Sigurður M. Helgason bæjarfógetafulltrúi kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Kærði, Þorleifur Sigurbjörnsson, á að vera sýkn af öllum kærum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til Jóns Sveinssonar hdl.

Framangreind ósæmleg ummæli skulu vera dauð og ómerk, og greiði Jón Sveinsson hdl. kr. 100.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Mánudaginn 4. desember 1950.

Nr. 44/1950. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Sigtryggi Benediktssyni (Ólafur Þorgrímsson)

og **Hólmfríði Jónsdóttur** (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns
Asbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Brot gegn lögum um búfjarrækt.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Broti ákærða Sigtryggs er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar það við 1. málsgrein 26. gr. laga nr. 19/1948. Þykir refsingin samkvæmt 83. gr. sömu laga hæfilega ákveðin í hinum áfrýj-
aða dómi, en greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Mál á hendur ákærðu Hólmfríði hefur einungis verið höfðað fyrir það atferli, sem lýst er í 26. gr. laga nr. 19/1948. Með verknaði þeim, sem getur í héraðsdómi, hefur hún ekki brotið gegn því lagaboði, og ber því að sýkna hana af refsikröfu ákærvaldsins í málinu. Samkvæmt þessu verður ekki lagður dómur í máli þessu á skaðabótakröfu ákærða Sigtryggs á hendur ákærðu Hólmfríði. Ber því að ómerkja hinn áfrýj-
aða dóm að því leyti og vísa skaðabótakröfunni frá héraðs-
dómi.

Skaðabótakrafa ákærðu Hólmfríðar á hendur ákærða Sig-